

Vopnafjarðarhreppur
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

Reykjavík, 15. desember 2020
UST202003-098/S.M.
08.14.02

Reglubundið eftirlit með urðunarstað Vopnafjarðarhrepps

Þann 24. september sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Vopnafjarðarhrepps á Búðaröxl. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

Útistandandi eru eftirtalin frávik er fram komu við eftirlit 2019

1. gr. 1.2 í starfsleyfi. Óheimilt er að geyma úrgang, annan en brotamálm sem rúmast í einum gámi, á urðunarstaðnum. Gamlir olíugeymar, eldiskví og flotkúlur skal fjarlægja og koma til endurvinnslu.
2. Koma skal í veg fyrir að vatn safnist í úrganginn. Við eftirlit var vatn í gryfjum fyrir lífrænan – og heimilisúrgang.
3. Leiða skal allt vatn sem safnað er í hreinsivirki áður en það er leitt í Skógalón. Rekstraraðili hefur ekki útbúið hreinsivirki fyrir sigvatn en frestur vegna framkvæmdanna var 1. ágúst 2019.
4. Skráningar vegna t.l. 4 og 8-12 eru ekki fullnægjandi. Mæla skal sig á urðunarstaðnum og er sjónmat ekki fullnægjandi. Ekki er nóg að vísa í veðurfarsmælingar heldur skulu þær fylgja skýrslu um niðurstöður skráninga. **Við eftirlit 2020 hafði rekstraraðili skilað inn fullnægjandi skráningum fyrir tölulíði aðra en 4. og 12.**

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 15. janúar, 2021.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir

Gottskálf Friðgeirsson